



Reykjavík 13. desember 2023.

Til: Eigenda Strætó

Frá: Stjórn Strætó

Efni: Aukaframlag vegna greiðslu skaðabóta og vaxta skv. niðurstöðu Landsréttar í máli 344/2022

Undanfarin ár hefur í fjárhagsáætlun Strætó verið gerður fyrirvari um að þegar niðurstaða í dómsmáli Teits gegn Strætó, lægi fyrir yrðu eigendur Strætó að leggja félaginu til aukið fé til að greiða skaðabætur og vextir af henni. Dómur Landsréttar fylgir hér með en þar var Strætó dæmt til að greiða um 193.918.137 kr. í skaðabætur ásamt vöxtum til 11. september 2020 en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Heildarupphæð er því 351.458.794 kr.

Stjórn Strætó ræddi á sérfundum niðurstöðu Landsréttar og ákvað að leita ekki eftir áfrýjunarleyfi hjá Hæstarétti eftir að hafa vegið gaumgæfilega kosti og galla að halda áfram með málið og varð það samhljóða niðurstaða stjórnar að áframhaldandi málarekstur mundi ekki þjóna hagsmunum Strætó. Stjórnin samþykkti því á fundi sínum 11. desember 2023 að una niðurstöðu Landsréttar og fól framkvæmdastjóra að senda beiðni til eigenda Strætó um aukafjárframlag til að greiða umrædda upphæð. Jafnframt var samþykkt að skipting aukafjárframlags færi eftir íbúafjölda sveitarfélaga í lok 2 ársfjórðungs 2023, sjá skiptingu hér að neðan.



	Íbúar	Hlutfall	Upphæð m.v. des. 2023
Reykjavík	142.740	56,6%	198.989.442
Kópavogi	40.430	16,0%	56.362.219
Hafnarfjörður	31.210	12,4%	43.508.901
Garðabær	19.290	7,7%	26.891.595
Mosfellsbær	13.720	5,4%	19.126.630
Seltjarnarnes	4.720	1,9%	6.580.007
	252.110	100,0%	351.458.794

Tillaga:

Óskað er eftir að eigendur Strætó leggi félaginu til fjármagn til að standa skil á niðurstöðu í máli þessu.

Óskað er eftir að umrædd tillaga fái flýtimeðferð.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Svavar Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó